

vera sýkn af ákærum rjettvísinnar í þessu máli, en fyrir ósæmilegan rithátt ber honum að greiða 10 kr. til fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps og 10 kr. til landsjóðs.

Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almanna-fje.

Hin ídæmda sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 47/1888.

Rjettvísinn

gegn

Jóni Erlendssyni.

Dómur:

Sök þessi er í hjerði höfðuð gegn hinum ákærða, Jóni Erlendssyni, fyrir rán, og var henni ráðið til lykta með dómi aukarjettar Árnassýslu, upp kveðnum 12. júním. 1888, þannig að hinn ákærði var sýknaður af kærum hins opinbera og málskostnaður dæmdur á almanna-fje. — Þessum aukarjettardómi hefur amtmaðurinn yfir Suðuramtinu áfrýjað til yfirdómsins.

Hinum ákærða er gefið það að sök, að hann hafi rænt rjetta eigendur hryssu, kú, tveim ám og fjórum lömbum, með þeim atvikum er nú skal greina.

1^{mo} Snemma sumars 1885 hafði hann hestakaup við ekkjuna Sigríði Bjarnadóttur á Gufunesi, ljet hana fá skjótta hryssu, en fjekk rauða í staðinn, og sem milligjöf 16 kr. Sigríður lofaði því þá, að rauða hryssan mætti ganga í Gufunesslandi veturinn eptir og njóta þar hjúkrunar með öðrum útigönguhrossum. Haustið 1885 hleypti Jón rauðu hryssunni í Gufunessland, og gekk hún þar fram að jólum, en á Þorláksmessu flæddi hana þar rjett við túnið, og drukknaði hún þar. Þetta segist ákærði hafa frjett á skotspónum, en Sigríður tjáist hafa gjört honum aðvart um það. Sumarið næst á eptir hittu ákærði Sigríði að máli, og sagði henni þá, að úr því að hún eigi skilaði sjer rauðu hryssunni, mundi hann taka aptur skjóttu hryssuna. Þetta gjörði hann og kvöldið hinn 29. okt., eða nóttina milli þess 29. og 30. okt. næst á eptir, er hann tók merina í Gufunesshögum, og með brjefi, dags. 30. okt. 1886, tilkynnti hann Sigríði þessar tiltektir sínar, og endurborgaði jafnframt milligjöfina; hryssuna hafði ákærði á burt með sjer, og virðist hann eigi hafa skilað henni aptur. Hinn ákærði þykist hafa haft rjett til þess, að taka skjótta hrossið aptur til sín með þessu móti, með því að Sigríður hafi eigi upp fyllt skilmála þá, er settir voru við hestakaupin, nfl. að hirða vel um hryssu Jóns veturinn 1885/86.

2^{do} Fardagaárið 1885/86 bjó hinn ákærði á hálfri jörðinni Miðhúsum í Biskupstungum, en um veturinn fyrir jól var honum byggt út af tjeðu ábyli; átti hann að rýma af jörðinni í fardögum 1886, en Brynjólfur Eyjólfsson átti þá að taka við henni. Það lítur út fyrir, að ákærði hafi eigi viljað sætta

sig við útbygginguna, og hafi þrátt fyrir hana álit-
ið sjer óskylt að fara burt af jörðinni, enda sat hann
kyrr þar, þangað til í júlímánuði 1886; þá flæmdist
hann burtu þaðan. Úttekt á jarðarhálfendunni í hendur
Brynjólfi fram fór hinn 18. júnímánaðar 1886; var
ákærði þar viðstaddur, en neitaði að undirskrifa út-
tektina, enda virðist hann ekki hafa samþykkt hana
að neinu leyti. — Jarðarhálfendunni áttu að fylgja
1½ kúgildi, nfl. 1 kýr og 3 ær, og ánöfnuðu út-
tektarmennirnir viðtakanda upp í þetta svartskjöld-
ótta kú, er þeir hugðu eign hins ákærða, og 4
ær af ám hans; skyldi ein þeirra vera ofanálág á
kúna og jafngilda 10 kr. Kúna skoðuðu úttektar-
mennirnir, en ærnar eigi, en fráfarndaginn, þegar
ákærði hafði smalað kindum sínum heim, kom Brynj-
ólfur að fjárrjettinni ásamt öðrum úttektarmannin-
um, hreppstjóranum, og tók Brynjólfur þá í viðurvist
hreppstjórans upp í kúgildið 4 lambær tilheyrandi
Jóni, hornmarkaði sjer þær, og á lömbin setti hann
eyrnamark sitt. Þessum aðförum mótmælti hinn á-
kærði harðlega, og sagði Brynjólf „stela“ kindun-
um.

Þrátt fyrir úttektina ljét hinn ákærði mjólka kúna,
og varð hún Brynjólfi að engu gagni; hann tók því
það ráð, að hann seldi hana rjett eptir fráfarurnar
Guðmundi Jónssyni á Tortu, og tók hann kúna
heim til sín, en nóttina 2.—3. ágústm. um sum-
arið fór hinn ákærði þangað, tók kúna í fjósinu, og
hafði hana á burt með sjer; virðist hann eigi hafa
látið hana af hendi síðan, hvorki við Guðmund nje
við Brynjólf, en daginn eptir gjörði hann Guðmundi
orðsendingu um þetta tiltæki sitt, og um það hvað

orðið hefði af kúnni. — Hinn ákærði hefur stöðuglega haldið því fram, að kúr þessi hafi eigi verið kúgildiskúr sú, er fylgdi jarðarhálfendunni, þá er hann tók við ábúðinni, því að kú þeirri hafi hann slátrað snemma vetrar árið sem hann bjó á Miðhúsum, og þó hafi kúrinn eigi heldur verið sín eign, heldur hafi barnsmóðir sín átt hana, og hafi hann að eins haft leigurrjett yfir henni. Þessi framburður hins ákærða um það, hvers eign kúrinn hafi verið, hefur eigi verið vefengdur, enda heldur hann því fram, að það hafi verið með öllu heimildarlaust, að afhenda Brynjólfi kúna upp í kúgildið.

3tío Ærnar fjórar, sem áður er um getið, hafði Brynjólfur í kvíum um sumarið, en lömbin ljet hann á fjall; tveim ánum lógaði hann síðar um sumarið. En um rjettaleytið tók hinn ákærði hinar tvær ærnar í Miðhúsaöggunum, rak þær að Gýgjarhólaskoti og skar þær báðar þar; skömmu síðar hitti hann Brynjólf, og sagði honum frá þessu. — Síðar um haustið tók hinn ákærði í Úthlíðarrjett 4 lömb með marki Brynjólfs, og hafði þau heim með sjer, en jafnframt tjáist hann hafa beðið menn þá, er við voru staddir, að segja Brynjólfi frá því, enda skýrðu Úthlíðarmenn honum frá þessu síðar um haustið. Hinn ákærði segist hafa álitíð, að þessi 4 lömb hafi einmitt verið lömbin, sem Brynjólfur tók af honum með ánum um vorið upp í kúgildið, en um það, hvort svo hafi verið í raun og veru, hefur engin áreiðanleg skýrsla, fengizt í málinu.

Út af athæfi því og verknaði, sem hjer er lýst að framan, skipaði Suðuramtið með brjefi 16. apríl 1887 sakamálishöfðun gegn hinum ákærða, og var síðan

mál þetta höfðað gegn honum honum fyrir auka-rjetti Árnassýslu, og hann saksóttur fyrir rán, eins og áður segir.

Þó að athæfi hins ákærða beri vott um frekju og skort á virðingu fyrir lögum og rjetti, þá er það þó eigi þess eðlis, að hann verði dæmdur fyrir rán eða þjófnað, og með því að hann í sök þessari, sem höfðuð er af hálfu valdstjórnarinnar, eigi verður dæmdur fyrir þá ólöglegu sjálfstöku, sem hann hefur gjört sig sekan í, þá verður að sýkna hann í málinu. Eptir þessum úrslitum málsins verður að greiða allan kostnað sakarinnar af almannafje, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Á rekstri málsins í hjeradi hefur orðið ærið mikill dráttur, án þess þó að alveg nægileg ástæða þyki vera til þess, að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir hann. Málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jón Erlendsson, á að vera sýkn fyrir ákæru rjettvísinnar í máli þessu. Kostnaður sakarinnar fyrir báðum dómum greiðist af almannafje, þar með talin málf lutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfidómi, málsfærslumannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.